




# Verðlaunamyndirnar 2005

Hér á eftir fara verðlaunamyndirnar af sýningunni Myndir ársins 2005 en dómnefnd skipuð þeim Terje Bringdal, Ara Sigvaldasyni og Páli Steingrímssyni valdi myndirnar og rökstuddi álit sitt.



## Mynd ársins



Þorkell Þorkelsson/  
Morgunblaðið

Íbúar strandhéraðanna sem risaflóðbylgjan reið yfir á annan dag jóla 2004 eiga allt sitt undir sjónum. En þótt sjórinn sé að jafnaði gjöfull olli hann í þetta sinn gríðarlegum hörmungum. Það er því ekki að undra að margir eigi erfitt með að sættast aftur við þau öfl sem í hafinu búa. Hér fara búddamunkar á Sri Lanka með fyrirbænir á ströndinni og freista þess að sættast við hafið.

## Fréttamynd ársins 2005



Ragnar Axelsson/  
Morgunblaðið

Davíð Oddsson kveður á landsfundi sjálfstæðismanna í Laugardalshöll. Hann létt af formennsku í floknum, hætti sem ráðherra og sagði skilið við pólitík eftir að hafa setið á stóli forsætisráðherra á annan áratug.



Oft geta myndast furðulegustu fyrirbæri úti í náttúrunni.

## Daglegt líf



Ingólfur Júlíusson/  
Blaðið



Þorvaldur Örn  
Kristmundsson/  
Morgunblaðið

### Þjóðlegasta mynd ársins




Sjósund um miðjan vetur. Vaskur sjósundshópur sem hittist einu sinni í viku skellir sér í ískaldan sjóinn þótt frostið og kuldinn bíti fast.

### Skoplegasta mynd ársins



Haraldur Jónasson/  
Fréttablaðið

Jólatré á göngu um Pósthússtrætið.



## Tímaritsmynd ársins



Bragi Þór Jósefsson/  
Fróði

Listakonan Rúrí við verk sitt  
í Árbæjarkirkju.

## Portrett



Bragi Þór Jósefsson/  
Fróði



Strákur í sundlaug.



## Íþróttamynd ársins



Skautastúlkur á æfingu í Skautahöllinni í Reykjavík.



Árni Torfason/  
Morgunblaðið

## Landslagsmynd ársins



Páll Stefánsson



?????

## Myndröð ársins 2005



Porkell Porkelsson/  
Morgunblaðið

Flóðbylgjan mikla sem skall á ströndum landa við Indlandshaf annan í jólum 2004 eirði fáu. Hátt í tvö hundruð þúsund manns týndu lífi og eyðilegging lands og byggða var gríðarleg. Verst var tjónið í Aceh-héraði á norðurströnd Súmötru í Indónesíu þar týndu um 130 þúsund manns lífi og heilu byggðarlöggin þurkuðust af yfirborði jarðar. Tjónið var einnig mikið hinum megin Indlandshafsins, á Sri Lanka. Ári eftir atburðina eru íbúar þessara landa enn að glíma við afleiðingar flóðbylgjunnar. Margir búa í bráðabirgðaskýlum og sumir misstu alla fjölskyldu sína í hamförunum. Selta í jarðveginum veldur því að erfitt er að græða upp landið en smám saman færist ýmislegt aftur í rétt horf.

